

GJALDSKRÁ

fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, skal borgarstjórn innheimta gjald sem hér segir:

1. flokkur	kr. 27.750	6. flokkur	kr. 88.800
2. flokkur	kr. 33.300	7. flokkur	kr. 111.000
3. flokkur	kr. 49.950	8. flokkur	kr. 144.300
4. flokkur	kr. 55.500	Eftirfylgniferð	kr. 27.750
5. flokkur	kr. 66.600	Sýnataka	kr. 22.200
Tímagjald þjónustuverkefna		kr. 11.100	

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali 1 með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemin takmörkuð þannig að eftirlit með starfseminni verði umfangsminna sem því nemur er Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur heimilt að fella niður allt að helming gjaldsins og að sama skapi taka aukalega gjald sé eftirlitið umfangsmeira en gjaldflokkur segir til um.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðiseftirlitið telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðiseftirliti heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

Ef fyrirtæki, sem sætir mengunarvarnaeftirliti og uppfyllir skilyrði 6. eða 7. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti með því fyrirtæki skv. ákvæðum reglugerðarinnar.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sbr. 2. gr., skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir gerð starfsleyfis eins og hér segir:

Starfsemi, þar sem krafist er auglýsingar starfsleyfis skv. 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun kr. 38.850 auk útlagðs kostnaðar vegna auglýsingar, vinnu við gerð sértækra starfsleyfisskilyrða og kaupa á sérfræðiþjónustu vegna útgáfu starfsleyfis.

Önnur starfsleyfi kr. 27.750.

Við endurnýjun starfsleyfis eða við eigendaskipti greiðast kr. 22.200 sé um að ræða starfsemi skv. 2. mgr. en kr. 16.650 sé um að ræða starfsemi skv. 3. mgr. Hafi umtalsverðar breytingar orðið á rekstri eða húsnæði að mati Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, þá skal greiða gjald eins og um væri að ræða nýja starfsemi.

Starfsemi þar sem krafist er skráningarskyldu greiðir kr. 27.750 við skráningu og umtalsverðar breytingar á starfsemi þ. á m. flutning í nýtt húsnæði. Við eigendaskipti greiðast kr. 16.650.

Fyrir leyfi til markaðs- og götusölu greiðast kr. 10.072 en Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

Við útgáfu nýrra tóbaksöluleyfa greiðast kr. 18.673 en við endurnýjun og eigendaskipti greiðast kr. 10.358.

4. gr.

Vegna útgáfu starfsleyfa, sem ekki heyra undir ákvæði 3. gr. skal innheimt gjald samkvæmt reikningi. Sama á við ef kostnaður vegna útgáfu starfsleyfis skv. 3. gr. reynist vera meiri en gert var ráð fyrir í áætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Starfsleyfisgjald greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eða skoðun skal greiða kr. 10.038 og fyrir eiturbeiðnir kr. 2.673.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um er að ræða óflokkaða eftirlitsskylda starfsemi eða aukin eftirlitsverkefni, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þá er heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Fjármálasvið Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og fyrir þjónustuverkefni. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimtir gjald fyrir vottorð, eiturbeiðnir og leyfi til markaðs- og götusölu.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs umhverfissviðs Reykjavíkur.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1298/2012 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavíkurborg.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 2. desember 2014.

Dagur B. Eggertsson.

Fylgiskjal 1.**Flokkun fyrirtækja í gjaldflokka samkvæmt eftirlitssviðum.****Matvælaeftirlit**

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
01.41.1	Þjónusta við jarðyrkju	1
15.13.1	Kjötiðnaður, lítill	4
15.13.2	Kjötiðnaður, miðlungs	6
15.13.3	Kjötiðnaður, stór	7
15.13.4	Kjötpökkunarstöð	6
15.20.5	Harðfiskverkun	4
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	4
15.20.82	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttanna, miðlungs	4
15.33.00	Önnur ótalin vinnsla ávaxta og grænmetis	4
15.42.01	Framleiðsla olíu	6
15.51.0	Mjólkurbú	7
15.51.01	Mjólkurbú, lítið	6
15.51.1	Ostagerð	7
15.51.2	Jógúrtframleiðsla	4
15.52.0	Ísgerð	6
15.52.01	Ísgerð, lítil	4
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru	6
15.81.0	Brauðverksmiðjur, litlar	4
15.81.1	Brauðverksmiðjur	6
15.81.2	Bakarí	6
15.82.0	Kex- og kókuframleiðsla	7
15.84.0	Súkkulaði- og sælgætisgerð	6
15.87.0	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	4
15.87.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	6
15.88.00	Framleiðsla á fituspr. matvælum, sjúkra- og sérfæði, miðlungs	4
15.88.01	Framleiðsla á fituspr. matvælum, sjúkra- og sérfæði, stór	6
15.89.1	Salatgerð	6
15.89.2	Framleiðsla tilbúinna rétta, miðlungs	4
15.89.3	Framleiðsla tilbúinna rétta, stór	6
15.89.4	Framleiðsla tilbúinna rétta, lítil	2
15.89.5	Framleiðsla á fæðubótaefnum	4
15.98.0	Framleiðsla gosdrykkja, miðlungs	6
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja, stór	7
51.31.0	Heildverslun með grænmeti, meðal	4

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
51.31.1	Heildverslun með grænmeti, stór	6
51.36.0	Heildverslun með sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl.	4
51.39.1	Heildverslun með matvæli, lítil	2
51.39.2	Heildverslun með matvæli, meðal	4
51.39.3	Heildverslun með matvæli, stór	6
51.39.4	Heildverslun með matvæli án lagars	1
52.11.10	Stórmarkaðir, miðlungs	6
52.11.11	Stórmarkaðir, stórir	7
52.11.20	Matvöruverslanir með vinnslu, meðal	6
52.11.21	Matvöruverslanir með vinnslu, stórar	7
52.11.22	Matvöruverslanir með vinnslu, lítil	4
52.11.30	Matvöruverslanir án vinnslu, meðal	4
52.11.31	Matvöruverslanir án vinnslu, stórar	6
52.11.32	Matvöruverslanir án vinnslu, litlar	2
52.11.4	Söluturnar	1
52.11.5	Söluturnar með ís/samlökugerð	4
52.11.6	Matsöluvagnar	2
52.23.0	Fiskbúðir	4
52.24.0	Smásala á brauði og kökum	4
52.27.0	Sérverslun með matvörur	4
52.62.0	Markaðir	4
52.62.1	Sölubás	1
55.10.1	Gistiheimili	2
55.10.2	Gistiskálar	2
55.12.0	Hótel	3
55.11.1	Hótel með litlum matsölustað	4
55.11.2	Hótel með miðlungs matsölustað	6
55.11.3	Hótel með stórum matsölustað	7
55.23.1	Heimagistingar	1
55.23.2	Íbúðir	1
55.30.2	Skemmtistaðir með matsölu	7
55.30.30	Skyndibitastaðir, litlir/veitingaverslanir	4
55.30.31	Skyndibitastaðir, miðlungs/veitingastofur	5
55.30.4	Brauðstofur	4
55.30.6	Veitingahús, lítil	4
55.30.7	Veitingahús, meðal	6
55.30.8	Veitingahús, stór	7
55.4	Krár, kaffihús, dansstaðir	2

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
55.40.1	Krár litlar, lágmarks matargerð	2
55.40.2	Krár stórar, lágmarks matargerð	3
55.40.5	Kaffistofa	2
55.40.6	Veitingatorg	4
55.51.1	Mötuneyti, lítil	4
55.51.2	Mötuneyti, miðlungs	6
55.51.3	Mötuneyti, stór	7
55.52.0	Sala á tilbúnum mat, án framleiðslu	1
55.52.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	4
55.52.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	6
55.52.3	Sala á tilbúnum mat, stór	7
63.12.01	Kæli og frystigeymslur	2
63.12.02	Vörugeymslur, flutningsmiðstöðvar, litlar	4
63.12.03	Vörugeymslur, flutningamiðstöðvar, miðlungs	6
63.12.04	Vörugeymslur, flutningamiðstöðvar, stórar	7
85.32.61	Einkasalir, félagsheimili	2
Óflokkað	Merkingaefirlit	tímagj.
Óflokkað	Sýnataka	tímagj.

Umhverfiseftirlit

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
05.02.1	Seiðaelði	3
15.11.01	Svínasláturhús	6
24.11.2	Átöppun og þökkun ýmissa efnasambanda	4
01.12.1	Gróðrastöðvar	2
05.02.21	Landeldi	4
05.02.22	Kvíaelði	6
01.23.0	Svínarækt	8
01.24.0	Alifuglarækt, stærri	6
01.24.0	Alifuglarækt, minni	4
01.25.9	Hundarækt	2
01.25.9	Kattarækt	2
01.25.91	Húsdýragarðar	3
01.42	Hestasundlaugar	2
01.42.02	Kattageymslur	2
01.42.3	Hundahótel	2
14.21.0	Malar- og sandnám	2

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
15.13.1	Kjötiðnaður	6
15.20.2	Saltfiskverkun	4
15.20.41	Heitloftspurrkun fiskafurða	4
15.20.5	Harðfiskverkun	4
15.20.61	Vinnsla fisks, lítil	2
15.20.62	Vinnsla fisks, meðalstór	4
15.20.63	Vinnsla fisks, stór	6
15.20.72	Fiskimjölsvinnsla	4
15.42.01	Lifrabræðsla og lýsishreinsun	6
15.51.0	Mjólkurbú	6
15.51.1	Ostagerð	4
15.52.0	Ísgerð	4
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru	4
15.71.0	Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisföðurs	4
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, stór	6
15.98.0	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, lítil	4
20.30.91	Trésmiðaverkstæði með lökkun	3
20.30.92	Trésmiðaverkstæði án lökkunar	1
21.22.0	Framleiðsla pappírsvara til heimilis og hreinlætis	2
22.21.0	Prentun dagblaða	4
22.22.1	Offsett- og hæðarprentun	2
22.22.2	Sáldprentun	6
22.22.3	Prentstofur	2
22.25.01	Umfangsmikill prentiðnaður	6
24.30.01	Málningarverksmiðjur efnavörueftirlit	4
24.30.01	Málningarverksmiðjur mengunarvarnaeftirlit	6
24.42.0	Lyfjagerð	2
24.51.01	Hreinlætisvöruverksmiðjur, efnavöruaftirlit	3
24.51.01	Hreinlætisvöruverksmiðjur, mengunarvarnaeftirlit	6
24.52.01	Snyrtivöruframleiðsla	2
25.20.00	Plastvöruframleiðsla	4
26.13.0	Framleiðsla gleriláta	2
26.61.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	5
26.63.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	7
26.70.0	Steinsmiði	2
26.82.91	Malbikunarstöðvar	7
28.51.0	Meðferð og húðun málma	6
28.51.1	Sandblástur málma	6

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
28.52.01	Blikksmiði	2
28.75.0	Gullsmiðir	2
29.00.00	Vélsmiði og vélaviðgerðir	4
31.70.0	Rafvélaverkstæði	4
35.11.0	Skipasmiði og skipaviðgerðir	6
35.30.0	Smíði og viðgerðir loftfara og geimfara	4
40.10.01	Spennistöðvar	4
40.10.02	Spennaviðgerðir	4
40.10.05	Vatnsaflsvirkjun	4
41.00.0	Vatnsveitur	6
45.11	Niðurrif bygginga og annarra mannvirkja	3
50.20.01	Bifreiða- og vélaverkstæði	4
50.20.02	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun	4
50.20.03	Bifreiðasprautun	4
50.20.04	Bifreiðaréttingar	2
50.20.05	Bón- og bílaþvottastöðvar, sjálfvirkar	4
50.20.06	Bónstöðvar, handvirkar	2
50.20.07	Ryðvarnarverkstæði	6
50.20.08	Smurstöðvar	4
50.20.09	Hjólbarðaverkstæði	4
50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, stórar	8
50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, meðal	6
50.30.1	Bílapartasölur	4
50.50.01	Bensínstöðvar	3
50.50.01	Bensínstöðvar, stórar	6
50.50.01	Bensínstöðvar, litlar	4
51.57.01	Móttaka brotamálms	6
51.57.02	Móttaka spilliefna	6
51.57.03	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	4
51.57.05	Litlar brennur	tímagj.
51.57.04	Stórar brennur	tímagj.
52.11.11	Stórmarkaðir	6
52.11	Matvöruverslanir, litlar	1
52.11	Matvöruverslanir, miðlungu	3
52.11	Matvöruverslanir, stórar	4
52.11.8	Tóbakssala	1
52.31.0	Apótek	3
52.33.01	Snyrtivöruverslanir	2

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
52.46.11	Byggingavöruverslanir, litlar	3
52.46.12	Byggingavöruverslanir, meðalstórar	7
52.46.12	Byggingavöruverslanir, stórar	8
52.46.21	Málningarvöruverslanir	4
52.48.8	Blómaverslun með B og C efni	4
52.49.1	Gæludýraverslanir	2
52.49.93	Smásala efna í flokkum X, A og B	4
52.49.95	Þjónustuaðilar kælikerfa sem selja kælimiðla	2
52.49.96	Innflytjendur kælikerfa	1
55.40	Hávaðaæftirlit veitingastaða	3
60.23.0	Samgöngumiðstöðvar	1
63.12.0	Vöruheymslur	2
63.12.01	Kæli- og frystigeymslur	1
63.12.05	Gasbirgðastöðvar með < 100 m ³ geymslurými	6
63.21.01	Vöruflutningamiðstöðvar	2
63.21.02	Bið- og endastöðvar strætisvagna	1
63.21.03	Biðstöðvar leigubifreiða	1
63.23.01	Flugvellir	8
63.23.03	Æfingasvæði fyrir flugvallarslökkvilið	4
73.1	Rannsóknastofur	4
74.70.0	Meindýravarnir	1
74.81.01	Framköllunarþjónusta	2
74.81.02	Ljósmyndastofur	2
74.84.1	Garðaúðun	1
75.23.0	Fangelsi	4
75.25.01	Svæði til slökkvi- og reykæfinga	4
80.10.0	Grunnskólar, stórir	6
80.10.0	Grunnskólar, stórir, mótuneyti	3
80.10.0	Grunnskólar, lóð	tímagj.
80.10.0	Grunnskólar, litlir	4
80.21.0	Framhaldsskólar	6
80.22.0	Sérskólar	4
80.30.0	Skólar á háskólastigi	6
80.42.2	Tónlistarskólar	1
85.11.1	Deildaskipt sjúkrahús	5
85.11.4	Dvalar- og hjúkrunarheimili	5
85.11.44	Vistheimili	1
85.11.5	Áfengismeðferð	3

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
85.12.1	Heilsugæslustöðvar	3
85.12.2	Læknastofur	1
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur/án skurðstofa	2
85.12.21	Læknahús, aðgerðastofur/rannsóknastofur	4
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur	4
85.13.0	Tannlæknastofur	2
85.14.1	Sjúkraþjálfun, stór	2
85.14.2	Sjúkraþjálfun, litil	1
85.14.31	Röntgenstofur	2
85.14.92	Fótaaðgerðastofur	1
85.14.94	Kírópraktor	1
85.20.01	Dýralæknastofur	2
85.20.02	Dýraspítalar	2
85.31.4	Sambýli	1
85.31.9	Gistiskýli fyrir heimilislausa	2
85.32.1	Daggæsla í heimahúsum	2
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, litlir	4
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, stórir	5
	Leikskólalóð	tímagj.
85.32.21	Gæsluvellir	2
85.32.4	Félagsmiðstöðvar	3
85.32.6	Félagsaðstaða fullorðinna	3
90.00.01	Skólþhrensistöðvar	8
90.00.02	Móttökustöðvar fyrir úrgang	8
90.00.03	Gámastöðvar	4
90.00.04	Flutningur úrgangs	4
90.00.05	Flutningur spilliefna	4
91.31	Safnaðarheimili, kirkjur	2
92	Tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi	4
92.32	Hljómsveitaræfingahúsnæði	2
92.13.0	Kvikmyndahús/leikhús – hávaðaefirlit	5
92.31.01	Kvikmyndahús/leikhús – húsnæði og sælgætissala	3
92.33.0	Rekstur skemmtigarða	4
92.33.01	Flugeldasýningar	tímagj.
92.34.0	Dansskólar	1
92.5	Söfn	1
92.61.01	Stórir sundstaðir	6
92.61.02	Litlir sundstaðir	3

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
92.62.0	Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir	4
92.62.03	Íþróttamannvirki, íþróttahús og -vellir	5
92.62.02	Íþróttahús, án útiaðstöðu	3
92.62.2	Hestaleigur, reiðskólar	2
92.72.01	Skotvellir	4
93.01.01	Þvottahús	2
93.01.02	Efnalaugar	4
93.02.01	Hárgreiðslustofur, litlar	1
93.02.01	Hárgreiðslustofur, stórar	2
93.02.2	Snyrtistofur, litlar	1
93.02.2	Snyrtistofur, stórar	2
93.02.3	Húðflúrstofur	2
93.02.4	Húðgötun	1
93.03.01	Líkbrenslur	6
93.04.01	Líkamsræktarstöðvar	3
93.04.01	Líkamsræktarstöðvar með setlaug	4
93.04.02	Nuddstofur	1
93.04.03	Sólbaðsstofur	2
93.05.01	Almenningssalerni	1
98	Losunarstaður fyrir ómengaðan jarðveg	4
Óflokkað	Önnur verslun með merkingarskyldar efnavörur, lítið	2
Óflokkað	Önnur verslun með merkingarskyldar efnavörur, meðal	3
Óflokkað	Önnur verslun með merkingarskyldar efnavörur, mikið	5
Óflokkað	Verslunarmiðstöðvar	1
Óflokkað	Opin leiksvæði	tímagj.
Óflokkað	Dýrasnyrtistofur	1
Óflokkað	Frístundaheimili í húsnæði skóla	1
Óflokkað	Frístundaheimili í húsnæði skóla með lágmarks matargerð	2
Óflokkað	Frístundaheimili með eldhúsi	3
Óflokkað	Setlaugar tengdar annarri starfsemi	2
Óflokkað	Íþróttasvæði með búningsaðstöðu	3
Óflokkað	Úttekt vegna sóttvarnavottorðs	tímagj.